

Fundargerð

Árið 2025, föstudaginn 24. janúar kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elmari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir

13. og 18. desember 2024

Lagðar voru fram til samþykktar fundargerðir frá 13. og 18. desember 2024.

Fundargerðir frá 13. og 18. desember 2024 samþykktar án athugasemda.

2. Fundardagar 2025

Lögð var fram til kynningar tillaga að fundardögum 2025.

3. Framlag vegna fjárhagserfiðleika

Árborg

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá sveitarfélaginu Árborg, dags. 1. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi vegna vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu í sveitarfélaginu, ásamt samningi um ráðgjöf frá KPMG, ráðningarbréfi frá LEX og ráðningabréfi við 101 Ráðgjöf. Samtals er sótt um framlag að fjárhæð 34.310.845 kr. Sveitarfélagið hefur áður fengið framlag úr Jöfnunarsjóði vegna fjárhagserfiðleika.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta afgreiðslu og vísa erindinu til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga til umfjöllunar.

4. Bráðabirgðauppgjör yfirfærsluverkefna 2024

Grunnskóli

Lagt var fram til kynningar bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2024 vegna yfirfærslu grunnskólans.

Fatlað fólk

Lagt var fram til kynningar bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2024 vegna yfirfærslu málefna fatlaðs fólks.

Nefndin gerði engar athugasemdir.

5. Úttekt á líkönum

Lagt var fram til kynningar, drög að samningi milli Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Intellecon ehf. um úttekt á tekju- og útgjaldajöfnunarframlögum sjóðsins. Í drögum samkomulagsins er gert ráð fyrir að vinnunni verði lokið í byrjun mars.

Nefndin gerði engar athugasemdir.

6. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir

2. áætlun 2025

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu 2. áætlun að úthlutun framlaga vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða árið 2025.

Á grundvelli laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga úthlutar Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlagi til þeirra sveitarfélaga sem bjóða nemendum upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum.

Áætluð framlög vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða á árinu 2025 nema 3.896.300.000 kr. Framlagið skiptist hlutfallslega á milli sveitarfélaga eftir heildarnemendafjölda í grunnskólum í hverju sveitarfélagi 1. janúar skólaárið á undan og greiðist mánaðarlega til sveitarfélaga að undanskildum júlímánuði. Í ágúst nk. verður áætlunin uppfærð miðað við fjölda grunnskólabarna 1. janúar 2025.

Forsenda þess að til úthlutunar komi er að sveitarfélög bjóði nemendum upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir en útfærslan á því með hvaða hætti boðið er upp á þær er háð ákvörðun hvers sveitarfélags.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til ráðherra um að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 3.896.300.000 kr. á árinu 2025.

7. Sameiningar sveitarfélaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Dalabyggð og Húnaþingi vestra, dags. 2. janúar 2025, þar sem óskað er eftir framlagi að fjárhæð 8,6 m.kr. vegna könnunarviðræðna sveitarfélaganna um sameiningu.

Samkvæmt vinnureglum sjóðsins nr. 869/2024 er gert ráð fyrir að kostnaður vegna könnunarviðræðna geti að hámarki numið 12,5 m.kr. vegna tveggja sveitarfélaga.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita Dalabyggð og Húnaþingi vestra framlag vegna framangreindrar vinnu að fjárhæð 8,6 m.kr.

8. Frumvarp um Jöfnunarsjóð

Lagt var fram til kynningar minnisblað forstöðumanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. janúar 2025, um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í nóvember 2023 lagði þáverandi innviðaráðherra fram frumvarp um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir því að reglur um starfsemi sjóðsins verði fluttar úr lögum um tekjustofna sveitarfélaga í ný heildarlög. Markmið breytinganna var að sjóðurinn endurspegli betur þær breytingar sem orðið hafa á sveitarstjórnarstiginu og að gæði jöfnunarframlaga sjóðsins verði bætt.

Þegar í ljós kom að ríkissjóður tapaði máli gegna Reykjavíkurborg vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í desember 2023 ákvað þáverandi innviðaráðherra að beita sé ekki fyrir framgangi málsins á Alþingi.

Núverandi innviðaráðherra hefur ákveðið á frumvarp um Jöfnunarsjóð verði á þingmálaskrá 156. þingmálaskrár 2025. Ráðherra hefur jafnframt ákveðið að fela ráðgjafarnefnd sjóðsins að ganga frá endanlegum tillögum um breytingar á starfsemi og regluverki sjóðsins.

9. Barna- og fjölskyldustofa

Framlög vegna barna vistuð utan lögheimilissveitarfélaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 16. janúar 2025, þar sem óskað er eftir greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7. gr. rgl. nr. 351/2002 vegna haustannar 2024. Greiðir sjóðurinn Barna- og fjölskyldustofu framlag vegna almennrar kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af Barna- og fjölskyldustofu og stunda þar grunnskólanám. Jöfnunarsjóður dregur fjárhæð sem nemur kennslukostnaði vegna nemenda skv. 1. mgr. frá jöfnunarframlögum viðkomandi lögheimilissveitarfélags.

Óskar Barna- og fjölskyldustofa eftir greiðslu samtals að fjárhæð 1.019.971 kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað ráðgjafarnefnd að samþykkja umsókn Barna- og fjölskyldustofu um framlag að fjárhæð 1.019.971 kr. vegna haustannar 2024.

FATLAÐ FÓLK

10. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Tillaga að enduráætlun framlaga

Lögð var fram 2. áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks. Fjárhæð áætlunarinnar nemur 40,22 milljörðum króna. Áætlunin byggir á notendagrunni 4. áætlunar 2024 en lögheimili hafa verið uppfærð m.v. 1. janúar sl. og SIS mót m.v. nýjustu niðurstöður Ráðgjafar- og greiningastöðvar. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði næst tekin upp í maí n.k. og þá með frekari upplýsingum frá þjónustusvæðunum.

Að umfjöllun lokinni samþykkti Ráðgjafarnefnd fyrir sitt leyti nýja áætlun framlaga sem grundvöll greiðslu framlaga ársins 2025 fram að næstu enduráætlun.

11. Reglugerð vegna fatlaðs fólks

Umfjöllun fór fram vegna draga að nýrri reglugerð 192/2023 um framlög sjóðsins vegna málefna fatlaðs fólks. Reglugerðardrögin voru lögð fram í samráðsgátt í september sl. og fram í október en voru ekki undirrituð af ráðherra vegna stjórnarskipta. Lauslega var rætt um niðurstöður samráðsins, áhrif reglugerðarinnar og samspil réttarheimilda er málaflokkinn varðar. Reiknað er með að starfsmenn Jöfnunarsjóðs kynni reglugerðardrögin fyrir ráðherra og fái afstöðu hans til breytinganna eins og þær voru teiknaðar upp í drögunum.

12. NPA langtímaveikindi 2023

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 15. janúar 2025 vegna erindis NPA miðstöðvarinnar, dags. 20. desember 2024, þar sem óskað er eftir efnislegri meðferð á kostnaði vegna langtímaveikinda starfsmanns árið 2023.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 1250/2018 um notendastýrða persónlega aðstoð greiðir Jöfnunarsjóður á grundvelli umsókna framlög til að standa straum af viðbótarútgjöldum vegna langtímaveikinda aðstoðarfólks. Þann 8. janúar 2024 var þjónustusvæðum sendur tölvupóstur og óskað eftir umsóknum vegna langtímaveikinda starfsmanna árið 2023. Umsóknir bárust frá þremur sveitarfélögum:

Reykjavíkurborg: 3.229.960 kr.

Hafnarfjarðarbær: 679.298 kr.

Reykjanesbær: 659.446

Alls var þá sótt um framlög að fjárhæð 4.568.704 kr. sem samþykkt voru á fundi ráðgjafarnefndar þann 23. febrúar 2024.

Reykjavíkurborg barst umsókn frá NPA miðstöðinni, dags. 11. nóvember 2024, vegna langtímaveikinda starfsmanns á tímabilinu 12.06.2023-16.07.2023 að fjárhæð 1.231.024 kr. Þá var NPA miðstöðinni tilkynnt að búið væri að afgreiða umsóknir vegna langtímaveikinda starfsmanna fyrir árið 2023. NPA miðstöðin óskar eftir að Jöfnunarsjóður greiði kostnað

vegna langtímaveikinda starfsmanns á tímabilinu 12.06.2023-16.07.2023 að fjárhæð 1.231.024 kr.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að fresta afgreiðslu og óska eftir áliti lögfræðings.

13. Rekstrarúttektir vegna fatlaðs fólks

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 20. Janúar 2025, þar sem óskað er eftir framlagi vegna úttektar á rekstri þjónustu við fatlað fólk.

Milli árunna 2020-2023 jukust útgjöld þjónustu við fatlað fólk um 126% hjá sveitarfélaginu. Kostnaður þjónustunnar er svo til eingöngu við íbúa á Sólheimum. Árið 2023 var kostnaður sveitarfélagsins við fatlað fólk 71% af heildarkostnaði félagsþjónustunnar. Óskar því sveitarfélagið eftir framlagi að fjárhæð 1.278 þús. kr. vegna úttektar á rekstri þjónustu við fatlað fólk á grundvelli 4. gr. í reglugerð nr. 192/2023.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag vegna úttektar á rekstri þjónustu við fatlað fólk að fjárhæð 1.278 þús. kr.

14. Fasteignasjóður

Framlög vegna aðgengismála

Akraneskaupstaður

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Akraneskaupstaðar, dags. 19. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna fjölmargra úrbóta í sveitarfélaginu. Úrbæturnar fólust m.a. í lyftukerfi á sambýli, sjálfvirkar hurðaropnanir í leikskóla, útileiktæki fyrir fatlaða, málun bílastæða o.fl. Samanlagður áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 22.993.500 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. og b. liða 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til

sveitarfélagsins Akraneskaupstaðar 2023-2024 geti numið 13.006.163 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar og myndi framlagið vegna þessara framkvæmda nema 11.496.750 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 11.496.750 kr. vegna framkvæmdanna.

Akureyrarbær

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Akureyrarbæjar, dags. 18. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna framkvæmda við sundlaug Akureyrar. Úrbæturnar munu felast í uppsetningu á rampi og lyftu í innilaug til að bæta aðgengi fyrir hjólastóla. Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 30.767.800 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Akureyrarbæjar og nágrennis 2023-2024 geti numið 34.672.453 kr. Áður hafa verið samþykkt framlög að fjárhæð 19.697.650 kr. eftir eru því 14.974.803 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 15.383.900 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 14.974.803 kr.

Árborg

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Árborgar, dags. 7. janúar 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna framkvæmda á bílastæðum fyrir hreyfihamlaða. Úrbæturnar fólust í bílastæðum fyrir hreyfihamlaða við leikhús og að Austurvegi 67. Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 2.846.679 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands 2023-2024 geti numið 39.740.944 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 1.423.340 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 1.423.340 kr.

Bláskógabyggð

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Bláskógabyggðar, dags. 27. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna framkvæmda við íþróttamiðstöðvar á Laugavatni og í Reykholti. Úrbæturnar fólust í svokölluðu rennidrifi við íþróttamiðstöð á Laugavatni og rafdrifnum hurðarpumpum við álhurðir íþróttamiðstöðvar í Reykholti. Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam 11.421.798 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands

2023-2024 geti numið 39.740.944 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 5.710.899 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 5.710.899 kr.

Dalvíkurbyggð

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Dalvíkurbyggðar, dags. 20. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna framkvæmda við útivistarsvæðið Láginni á Dalvík. Úrbæturnar fólust í að bæta aðgengi fyrir alla með breikkun stíga, uppsetningu á æfingartækjum fyrir hreyfihamlaða o.fl. Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nemur 9.750.000 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Dalvíkurbyggðar 2023-2024 geti numið 5.787.041 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 4.875.000 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 4.875.000 kr.

Garðabær

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Garðabæjar, dags. 10. janúar 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna uppsetningu á lyftu í sundlauginni í Álftanesi til að bæta aðgengi fólks í hjólastól. Samanlagður áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna eru rúmar 11.366.674 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Garðabæjar 2023-2024 geti numið 13.792.301 kr. Áður hefur Garðabær fengið úthlutað 2.658.046 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 5.683.337kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 5.683.337 kr.

Grýtubakkahreppur

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Grýtubakkahrepps, dags. 20. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna fjölmargra úrbóta við Grenivíkurskóla. Aðgengi að húsinu er utan frá á báðum hæðum, kennslustofur á efri hæð og matsalur á neðri hæð ásamt íþróttasal. Fyrirhugað er að setja lyftu í húsið til að bæta aðgengismál fatlaðra nemenda. Samanlagður áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna eru 17-18 m.kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Akureyrarbæjar og nágrennis 2023-2024 geti numið 34.672.453 kr. Akureyri hefur fengið samþykkt framlag að fjárhæð 19.697.650 kr. og liggur nú fyrir umsókn að fjárhæð 30.767.800 kr. sem myndi fullnýta framlagið 2023/2024. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að

kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 8,5 - 9 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að hafna framlaginu á grundvelli þess að fullnýtingu er náð fyrir tímabilið 2023-2024.

Hornafjörður

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Hornafjarðar, dags. 20. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna tveggja framkvæmda við húsnæðið Sindrabæ, bygging í eigu sveitarfélagsins. Úrbæturnar fólust í að gera húsið allt aðgengilegt fötluðu fólki m.a. settur upp rampur, áhorfendapallur fyrir hreyfihamlaða o.fl. Samanlagður áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 1.832.170 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til sveitarfélagsins Hornafjarðar 2023-2024 geti numið 5.555.876 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 916.085 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 916.085 kr.

Hrunamannahreppur

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Hrunamannahrepps, dags. 24. september 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna framkvæmda á fasteignum sveitarfélagsins við félagsheimili Hrunamanna og íþróttahúsinu á Flúðum. Úrbæturnar fólust m.a. í stækkun og aðgengi á salernum og uppsetningu á lyftu á milli hæða o.fl. Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 25.574.900 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands 2023-2024 geti numið 39.740.944 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarpátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 12.787.450 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 12.787.450 kr.

Húnaþing vestra

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Húnaþings vestra, dags. 30. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna framkvæmda við lækkun kanta á gangstéttum á Hvammstanga og útbúa flága til að bæta aðgengi fyrir fatlað fólk. Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 14.300.000 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2023-2024 geti numið 16.284.021 kr. Eyrnamerktu framlagi hefur verið skipt á milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi. Hlutur Húnaþings vestra er því 2.731.387 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að

kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 7.150.000 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 2.731.387 kr.

Hveragerði

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Hveragerðis, dags. 27. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna tveggja framkvæmda, rampur að húsnæði grunnskóla og rampur við félagsþjónustu að Fljótsmörk 2. Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam 1.549.307 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands 2023-2024 geti numið 39.740.944 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 774.654 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 774.654 kr.

Rangárþing eystra

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Rangárþings eystra, dags. 2. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna framkvæmda á húsnæði VISS. Úrbæturnar fólust m.a. í stækkun og aðgengi á salernum, bætt aðgengi við byggingar o.fl. Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 11.246.900 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli c. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands 2023-2024 geti numið 39.740.944 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 5.623.450 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 5.623.450 kr.

Reykjanesbær

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Reykjanesbæjar, dags. 19. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna uppsetningu úrbóta við almenningssamgöngur í sveitarfélaginu. Úrbæturnar fólust í stórbættu aðgengi að biðskýlum, niðurfellingu á götuköntum ásamt skábrautum o.fl. Samanlagður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna námu 28.491.424 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli b. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Reykjanesbæjar 2023-2024 geti numið 11.385.723 kr. Áður hefur Reykjanesbær fengið úthlutað 5.186.609 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi

framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 14.245.712 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 6.199.114 kr.

Seltjarnarnesbær

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Seltjarnarnesbæjar, dags. 20. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna fjölmargra úrbóta í sveitarfélaginu. Úrbæturnar fólust m.a. í tilfærslu á strætóbiðstöð til að bæta aðgengi, í sundlaug sveitarfélagsins, við endurnýjun beggja skóla sveitarfélagsins var farið í gagngerar umbætur í aðgengismálum með rafmagnsopnun innganga, hellulögnum að dyrum, salerni gerð aðgengileg, einnig var bætt aðgengi í búsetukjarna fatlaðra við Kirkjubraut 20 o.fl. Samanlagður áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna eru rúmar 20 m.kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. og b. liða 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Seltjarnarnesbæjar 2023-2024 geti numið 6.764.358 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema um 10 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 6.764.358 kr.

Skaftárhreppur

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Skaftárhrepps, dags. 30. september 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna framkvæmda inngang grunnskóla. Úrbæturnar fólust í uppsetningu á rennihurðum á fjórum stöðum skólans. Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 11.288.895 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands 2023-2024 geti numið 39.740.944 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 5.644.448 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 5.644.448 kr.

Skagafjörður

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Skagafjarðar, dags. 27. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna framkvæmda við úrbætur á aðgengi fatlaðra við grunnskólabyggingu á lóð við grunnskólann á Hofsósi. Úrbæturnar fólust í malbikun til að bæta aðgengi að inngangi, snjóbræðslukerfi, úrbætur á íþróttastöðu utandyra o.fl. Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nam 32.279.320 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til

Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2023-2024 geti numið 16.284.021 kr. Eyrnamerktu framlagi hefur verið skipt á milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi. Hlutur Skagafjarðar er því 9.539.212 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 16.139.660 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 9.539.212 kr.

Vestmannaeyjar

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Vestmannaeyjabæjar, dags. 20. janúar 2025, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna framkvæmda við tónlistarskóla Vestmannaeyja. Farið var í úrbætur við innganginn m.a. með uppsetningu á rampi, rafmagnsopnun á dyr ásamt fleiru til að gera skólann aðgengilegan öllum. Heildarkostnaður framkvæmdanna nam 9.965.242 kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Vestmanneyjabæjar 2023-2024 geti numið 6.357.942 kr. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 4.982.621 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 4.982.621 kr.

Þingeyjarsveit

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Þingeyjarsveitar, dags. 19. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum.

Sótt er um vegna tveggja framkvæmda:

Breiðumýri félagsheimili. Framkvæmdir á salernum til að bæta aðgengi fyrir fatlað fólk. Áætlaður heildarkostnaður er 7 m.kr.

Stjórnsýsluhúsið Laugum. Framkvæmdin snýr að uppsetningu á lyftu til að bæta aðgengi allra í húsinu.

Áætlaður heildarkostnaður eru rúmar 100 m.kr.

Samanlagður er því áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna 107 m.kr.

Sótt er um framlag á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Norðurþings 2023-2024 geti numið 12.563.150 kr. Áður hefur Norðurþing fengið samþykkt framlag að fjárhæð 5.354.421 kr. og því stendur eftir 7.208.729 kr. af framlagi tímabilsins 2023-2024. Framlög vegna úrbóta á aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag vegna þessara framkvæmda nema 53,5 m.kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag 7.208.729 kr.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 12:28.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir